

STARFSREGLUR

fyrir svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

I. KAFLI

Skipan nefndarinnar og gildissvið.

1. gr.

Sveitarfélögin Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyrar-kaupstaður, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð starfrækja sameiginlega svæðisskipulagsnefnd samkvæmt 2. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samanber einnig 2. mgr. í gr. 2.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Nefndin ber heitið svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

2. gr.

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal hvert sveitarfélag skipa tvo fulltrúa og tvo til vara í svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar, samanber 1. gr.

Kjörgengir eru þeir sem eiga sæti í sveitarstjórn eða skipulagsnefnd viðkomandi sveitarfélags eða starfa sem framkvæmdastjóri eða skipulagsfulltrúi þess.

Framkvæmdastjóri og skipulagsfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags hafa seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt enda þótt þeir séu ekki fulltrúar sveitarfélags síns í nefndinni.

Fulltrúar þess sveitarfélags sem síðast fór með formennsku í nefndinni boða til fyrsta fundar hennar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin skiptir með sér verkum og kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi.

II. KAFLI

Hlutverk nefndarinnar.

3. gr.

Hlutverk svæðisskipulagsnefndar er að sjá um framfylgd svæðisskipulags Eyjafjarðar og fjalla um og afgreiða tillögur að breytingum á því í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Nefndin gefur jafnframt umsögn um fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga með tilliti til samræmis milli svæðis- og aðalskipulags. Óverulegar breytingar samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga eru þó undanskildar.

4. gr.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni skal svæðisskipulagsnefndin meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins, hvort forsendur hafi breyst frá fyrri skipulagstillögum og hvort framfylgd gildandi svæðisskipulags hafi gengið eftir á þann veg sem að var stefnt. Ef niðurstaða nefndarinnar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá ákvörðun.

Nú telur nefndin að endurskoða þurfi svæðisskipulagið og skal hún þá taka saman lýsingu skv. skipulagslögum þar sem m.a. er gerð grein fyrir forsendum endurskoðunarinnar og þeim efnisþáttum sem endurskoðunin skal taka til. Það verður ekki ráðist í endurskoðun á svæðisskipulagi Eyjafjarðar nema með samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna á framlagðri lýsingu svæðisskipulagsnefndarinnar.

Svæðisskipulagsnefndin annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu á svæðisskipulagi og breytingum þess í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

III. KAFLI

Starfshættir nefndarinnar.

5. gr.

- a. Formaður nefndarinnar boðar til funda í tölvupósti eða með öðrum sannanlegum hætti með viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og

- hellingur nefndarmanna mætir til fundarins og skulu formaður eða varaformaður vera í þeim hópi. Formaður, eða varaformaður í hans fjarveru, stjórnar fundum og undirbýr þá.
- b. Ritari skráir fundargerðir nefndarinnar og ber ábyrgð á að þær séu sendar nefndarfulltrúum og framkvæmdastjórum viðkomandi sveitarfélaga innan viku frá því að fundur var haldinn. Fundargerðir skulu skráðar í tölvu og þær undirritaðar af öllum viðstöddum fulltrúum í lok fundar. Jafnframt skal í sérstaka fundargerðabók skrá fundardag, fundarstað, upphaf fundar og fundarlok. Þá skal taka fram að fundargerð hafi verið skráð í tölvu og hve margar blaðsíður hún er. Allir viðstaddir fulltrúar skrá nafn sitt í bók þessa.
 - c. Fundi í svæðisskipulagsnefnd skal halda eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti en oftast ef þurfa þykir. Fyrirhugaður fundur skal tilkynntur öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, samanber 1. gr., með minnst tveggja vikna fyrirvara og gefa þeim þannig kost á að leggja mál fyrir nefndina ef þær þess óska.
 - d. Halda skal fund í nefndinni ef einn eða fleiri nefndarmenn óska þess. Beiðni skal vera skrifleg. Á grundvelli slíkrar beiðni skal formaður boða til fundar eins fljótt og unnt er í samræmi við 1. mgr.
 - e. Svæðisskipulagsnefndin skal innan fjögurra mánaða að afloknum sveitarstjórnarkosningum hafa aflað sér upplýsinga um fyrirhugaða endurskoðun á aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Standi endurskoðun fyrir dyrum skal nefndin kynna sér lýsingu skipulagsverkefnisins þegar hún liggur fyrir enda telst hún til umsagnaraðila í því samhengi.
 - f. Áður en tillaga að aðalskipulagi eða breytingu á því er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að kynna hana svæðisskipulagsnefndinni, samanber 2. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Telji svæðisskipulagsnefndin ástæðu til að gera athugasemd við tillöguna að lokinni kynningu skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en fjórar vikur eru liðnar frá kynningunni. Athugasemdirnar skulu einnig sendar Skipulagsstofnun.
 - g. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Nefndin getur ekki ályktað um mál sem snertir hagsmunum eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Svæðisskipulag og breyting á því er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga sem aðild eiga að svæðisskipulagsnefndinni.

IV. KAFLI

Kostnaður við störf nefndarinnar o.fl.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar skiptist á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

- a. Hellingur kostnaðarins skiptist að jöfnu milli aðildarsveitarfélaganna.
- b. Hellingur kostnaðarins skiptist í hlutfalli við íbúafjölda.

Til sameiginlegs kostnaðar telst allur kostnaður við starf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna, þóknun ráðgjafa og kostnaður vegna annarrar aðkeyprar þjónustu.

Aðildarsveitarfélögin geta komið sér saman um aðra skiptingu með breytingu á starfsreglum þessum ef þau svo kjósa.

7. gr.

Laun nefndarmanna skulu vera þau sömu og laun nefndarmanna í skipulagsnefnd Akureyrar-kaupstaðar. Greiðslur í lífeyrissjóð skulu bundnar við lögboðið lágmarksframlag hverju sinni.

8. gr.

Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði á kostnaði við gerð svæðisskipulags fara að ákvæðum 2. tl. 18. gr. skipulagslaga.

V. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem samþykktar voru á 36. fundi svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar hinn 9. janúar 2014 með vísan til 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hafa einnig hlotið samþykki allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að svæðisskipulagi Eyjafjarðar sem og athugasemdalausa umsögn Skipulagsstofnunar, sbr. 4. mgr. gr. 26 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, öðlast þegar gildi.

F.h. svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar, 12. maí 2014,

Bjarni Kristjánsson formaður.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2014